



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### 1. Skipulag fundar

**Heiti fundar:** 15. fundur framkvæmdastjórnar

**Fundarstjóri:** Davíð Þór Sigurðarson

**Fundarritari:** Davíð Þór Sigurðarson

**Dagsetning:** 11.12. 2013

**Tímasetning:** 18:00

**Staður:** Hettan

**Þátttakendur:**

Davíð Þór Sigurðarson, formaður aðalstjórnar	
Jón Óli Benediktsson	
Kristbjörg Jónasdóttir	

**Fjarverandi:**


### 2. Markmið fundar

Skipulag þrettándagleðinnar og viðurkenningar. Afmælishátið 2014 og árangur í Move week.

### 3. Fundardagskrá

Fundarefni	Stjórnandi umræðu	Tími (mín)
Move week	Davíð	10
Úthlutun styrkja - meistaraflokkar	Davíð	20
Skipulag þrettándagleði 2013	Davíð	10

### 4. Helstu umræður

Framkvæmdastjórn ræddi val á íþróttamanni Hattar 2013 og reglur um aldurstakmark samhliða reglum ÍSÍ um stórviðurkenningar. Einnig var ákveðið að biðja um tilnefningar til starfsmerkja Hattar 2013 en karl og kona munu fá viðurkenninguna eins og í fyrra. Búið er að kaupa starfsmerki sem er í líki verðlaunapeningis í öskju. Keypt frá Kalla Úr á Selfossi.

Farið yfir árangurinn í Move week og þá viðurkenningu sem félagið fékk fyrir skipulag Hreyfivikunnar 2013.

Ákveðið að biðja allar deildir um einn fulltrúa fyrir afmælishátið 2014.



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Ferðastyrkur sem framkvæmdastjórn sótti um ferð til Runavíkur var afturkölluð þar sem ekki gafst tími til skipulagningar á ferðinni í ár og það tilkynnt til sveitarfélagsins.

Úthlutun styrkja og aukið vægi meistaraflokka var rætt. Ákveðið að auka við styrki meistaraflokks og tillaga sett fram um að nota umsóknir til ferðastyrks ÍSÍ sem skiptingarhlutfall á milli deilda sem reka meistaraflokka.

### 5. Helstu ákvarðanir/niðurstöður

Ákveðið að leggja umræður stjórnarinnar fyrir fund aðalstjórnar þann 12.12.2013.

### 6. Aðgerðalisti

Hvað	Hver	Í samvinnu við	Dags.

Fundi slitið kl 18:10.